

173

1. sept.

Ógreitt heimæðagjald hvílir sem lögveð á hinni gjaldskyldu húseign og gengur fyrir öllum sammingsveðskuldum í eitt ár frá gjalddaga.
Gjaldið má taka lögtaki á kostnað gjaldanda.

Gjaldskrá þessi, sem er samin og samþykkt af bæjarstjórn Reykjavíkur staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 38 12. febr. 1940, um hitaveitu Reykjavíkur, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 1. september 1943.

F. h. r.

Vígfús Einarsson.*Páll Pálmason.*

174

2. sept.

AUGLÝSING

um breyting á tímaákvörðunum og kærufrestum, er um ræðir í IV. kafla laga nr. 6 9. janúar 1935, um tekjuskatt og eignarskatt.

Samkvæmt heimild í bráðabirgðalögum frá 10. maí 1943, um breyting á lögum nr. 6 9. janúar 1935, um tekjuskatt og eignarskatt, hefur ráðuneytið ákveðið, að tímaákvörðanir samkvæmt 36. og 37. gr. laga nr. 6 9. janúar 1935 skuli breytast svo sem hér segir við álagningu tekju- og eignarskatts, stríðsgróðaskatts og verðlækkunarskatts 1943:

Utan Reykjavíkur.

Kærufrestur til rikisskattaneftndar skal vera til 1. október þ. á.

Fjármálaráðuneytið, 2. september 1943.

F. h. r.

Magnús Gíslason.*Einar Bjarnason.*

175

2. sept.

SAMÞYKKTIR

fyrir sparisjóð Vestur-Skaftafellssýslu.

1. gr.

Sjóðurinn heitir: Sparisjóður Vestur-Skaftafellssýslu og skal heimili hans og varnarþing vera í Vík í Mýrdal.

2. gr.

Til tryggingar því, að fé það, sem í sjóðinn er lagt, glatist eigi og sjóðurinn standi í skilum, ábyrgist Framfarasjóður Hvammshrepps 3000 kr. Þar að auki skal sjóðurinn hafa að minnsta kosti 12 ábyrgðarmenn, er hver um sig ábyrgist 1000 kr., með eigi skemmri en eins árs uppsagnarfresti á ábyrgðinni. Ábyrgðarbréfin skulu þinglesin og geymd hjá sýslunefnd Vestur-Skaftafellssýslu.

Nú deyr ábyrgðarmaður eða segir upp ábyrgðinni, og er þá stjórnarnefnd sjóðsins skylt að fá annan í hans stað, en aldrei skulu færri en 5 ábyrgðarmenn sjóðsins vera búsettir í Vík.

3. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 3 menn. Skulu 2 þeirra kjörnir á aðalfundi, úr flokki ábyrgðarmanna, en 1 af sýslunefnd Vestur-Skaftafellssýslu á sama tíma og gildir